



Lögreglustjórin á Norðurlandi eystra

B.t. Agnes Björk Blöndal

Aðstoðarsaksóknari

Ákærusvið

Þórshöfn 15.11.2024

**Efni: Umsókn um rekstrarleyfi til rekstur, Veitingaleyfi – A veitingahús og vínveitingaleyfi í flokki III til handa Karen Rut Konráðsdóttur, kt. 281175-3359. Staðsetning er að Langanesvegi 16, F216-7862.**

Þar sem ekki er í gildi sérstök lögreglusamþykkt fyrir Langanesbyggð lítur sveitarstjórn svo á að það sé í hennar valdi að veita umsögn um ofangreinda umsókn.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar veitir hér með jákvæða umsögn og fyrir sitt leiti leyfi fyrir lengingu opnunartíma á umræddum veitingastað eins og kemur fram í umsókn.

Þar er um að ræða opnunartíma til kl. 01 á virkum dögum og til kl. 03 aðfararnæstur frídaga.

Umsögn og leyfi sveitarstjórnar er veitt með þeim skilyrðum sem koma fram í reglugerð nr. 1277/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, þar er gerð krafa um fullnægjandi dyravörslu þ.e. lágmark 2 dyraverðir ef gestafjöldi er undir 200 manns en 3 dyraverði ef gestafjöldi fer yfir 200 manns og að engir geti gegnt dyravörslu nema þeir sem lögreglustjóri samþykkir eða hafa lokið dyravarðanámskeiði.

Sveitarstjórn vill jafnframt við veitingu þessarar umsagnar og leyfis vísa til 3. mgr. 19. gr. áfengislaga nr. 75/1998 þar sem lögreglustjóri telur að afmarka verði sérstaklega útiveitingasvæði þar sem áfengisveitingar fara fram. Ekki verði heimilt að selja áfengi í því skyni að það sé boríð út af veitingastað eða skilgreindu útiveitingasvæði og að útiveitingar áfengis eru ekki heimilar eftir kl. 23:00.

F.h. Sveitarstjórnar Langanesbyggðar

Björn S. Lárusson  
Sveitarstjóri.

*Sveitarstjóri  
Langanesbyggðar*